

Stjórnarfundur Retrieverdeildar HRFÍ



Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ 30.04.2025 kl. 19:00.

Mætt/ir eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór og Sólrún Dröfn

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð pósta frá síðasta fundi.

Lítið komið inn síðasta mánuðinn, uppgjör sent frá fyrsta veiðiprófi frá skrifstofu.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

Rósettur fyrir deildarsýningu voru greiddar. Gengið frá flugi fyrir Ragnhild Hammelbo vegan veiðiprófs í júní.

3. Starfið fram undan.

-Fréttir frá veiðinefnd.

Veiðinefnd hefur ekki fundað síðastliðinn mánuð og er því lítið að segja en að veiðipróf eru komin af stað. Næsti fundur veiðinefndar er mánudaginn 5.maí.

-Fréttir frá sýningarnefnd

Skipulagning deildarsýningar er í fullum gangi og gengur vel. Rósettur eru á leiðinni til landsins. Verið að skoða jólasýninguna og finna dómara á hana. Keyrt á aðra auglýsingu fyrir deildarsýningu á föstudaginn.

4. Fræðsla eða annað sem er á dagskrá

Hugmynd að reyna að halda fyrsta fræðslukvöldið, helst í maí. Verið að vinna í að fá aðila til að halda kynningu.

5. Staða verkefna okkar.

-Senda tilkynningu á RSK vegan breytinga á raunverulegum eigendum.

Þarf að heyra í Sunnu varðandi þetta, enn óleyst.

-Skipa skoðunarmann reikninga.

Tala við aðila sem gætu verið tilbúnir í verkefnið.

-Skipun fulltrúa stjórnar í dómara ráð.

Heiðar Sveinsson hefur tekið það verkefni að sér.

-Fuglaflensan.

Engar tilkynningar hefur komið frá Mast og virðist við vera laus við áhyggjur af fuglaflensu.

-Instagrammið.

Halda áfram að gera reel og auka fylgjendur. Góður vettvangur til að auglýsa viðburði.

-Viðburður á stórri sýningu.

Ágústa framkvæmdarstjóri HRFÍ ætlar að funda með fulltrúa úr aðalstjórn og Retrieverdeild til að vinna hugmyndir á kynningu á starfi deildarinnar. Þarf að finna tíma sem hentar öllum aðilum.

-Gönguhópur.

Skipulagðir tvær göngur á næstunni, verður auglýst nánar.

-Vinnupróf á næsta ári.

Leggja fram tillögu til veiðinefndar að leggja áherslur á vinnupróf. Leggja þarf grunn að því að það verði hægt þar sem skráningar hafa verið dræmar undanfarin á og þau felld niður. Reyna að hafa samband við þjálfara og auglýsa viðburðinn með löngum fyrirvara. Kynna þarf þetta prófa fyrirkomulag fyrir félagsmönnum til að reyna að skapa áhuga á vinnuprófum.

-Fulltrúaráðsfundur, reglugerðarbreytingar.

Guðni var með yfirferð á efni sem farið var yfir á fulltrúaráðsfundinum. Margt áhugavert sem kom þar fram.

-Reglugerðarbreytingar vegna fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum.

Ekki var staðið rétt að reglugerðabreytingunni þar sem hún var ekki kynnt á aðalfundi og lagt til samþykkis félagsmanna. Á heimasíðu FCI kemur skýrt fram að hvert land dæmi eftir sínum reglum en reglurnar mega ekki stangast á reglur FCI. Í reglum FCI kemur fram að á hverju prófi þurfi að vera tveir starfandi dómarar. Ekki kemur fram nánari útskýring á fulltrúa. Þarf að ræða við aðalstjórn HRFÍ til að ganga úr skugga um að við séum ekki að fara gegn reglum FCI.

-Styrktaraðilar, næstu skref.

Útbúa gjaldskrá fyrir auglýsingar á heimasíðunni. Setja upp fjárhagsáætlun fyrir störf deildarinnar fyrir betri innsýn á útgjöld og kostnað.

6. Önnur mál.

7. Yfirferð verkefna úr fundinum.

Næsti fundur ákveðinn, þriðjudaginn 27.maí klukkan 19:00

Salur bókaður.